

Ed.

383. Frumvarp til laga

[198. mál]

um breytingu á lögum nr. 88 24. desember 1971 um 40 stunda vinnuviku.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Í hverri viku skulu ekki vera fleiri en 40 dagvinnutímar, sem vinna ber á því dagvinnutímabili á virkum dögum vikunnar, sem aðilar koma sér saman um. Heimilt er að semja um skemmri vinnuviku.

Að jafnaði skulu unnar 8 klukkustundir í dagvinnu á degi hverjum frá mánudegi til föstudags, nema annar vinnutími henti betur af sérstökum ástæðum og um það sé samið af aðilum.

Heimilt er að semja um tilfærslu á dagvinnutímum, þannig að dagvinnutímar verði fleiri en 40 á tilteknum árstímum og færri á öðrum, en að meðaltali á ári hverju ekki fleiri en 40. Þetta gildir þó aðeins í þeim tilvikum, þar sem slíkur háttur hefur verið á hafður fyrir gildistöku laga þessara.

Þegar dagvinnu er skilað með 8 stunda vinnu á dag frá mánudegi til föstudags skal næturvinna taka við á föstudögum strax og lögboðinni eða umsaminni vinnuviku er lokið.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur þessa frumvarps er tvíþættur.

Annarsvegar er því ætlað að leiðrétta þá óeðlilegu tilhögun, sem hefur orðið almenn eftir setningu laganna nr. 88/1971, að ekki greiðist fullt álag á þá yfirvinnu sem er unnin eftir að lögboðinni vinnuviku hefur verið skilað. Lögfesta að vinnuvikunni ljúki í raun kl. 17.00 á föstudögum.

Hinsvegar er svo tilgangur þess sá, að hamla gegn þeim óhóflega langa vinnutíma sem tíðkast hér á landi.

Með lögum nr. 88/1971 var vinnuvika launþega hér á landi stytt úr 44 í 40 dagvinnutíma. Við þessa breytingu skeði það, að í stað þess að næturvinna tók áður við strax er vinnuviku lauk kl. 12.00 á laugardögum gat verkafólk þurft að vinna tvær klst. í eftirvinnu, þ. e. milli kl. 17.00 og 19.00 á föstudögum, þótt vinnuvikunni væri þá þegar lokið.

Það verður að telja vafasamt, að tilætlan löggjafans hafi verið breyting af þessu tagi. Vísast í því efni til athugasemda með frumvarpinu þar sem tekið er fram, að ákvæði þess hafi öðrum þræði þann tilgang, að vernda menn gegn ofþjökun við vinnu. Í umræðum á Alþingi kom einnig skýrt fram sú ætlan, að hinn aukni frítími verkafólks, sem í frumvarpinu fólst, yrði raunverulegur þannig að það fengi meiri hvíld frá erfiðum störfum. Við þessu var þó ekki allskostar gott að gera, þar sem dagvinnutímabilið var ekki í lögunum einskorðað við ákveðna vikudaga heldur var aðilum frjálst að semja um það á hvaða virkum dögum vikunnar þessar 40 dagvinnustundir væru unnar. Aðeins var gert ráð fyrir, að þær yrðu að jafnaði ekki fleiri en 8 á hverjum degi. Þær máttu hinsvegar vera færri og lauk þá vinnuvikunni ekki fyrr en á laugardegi. Sú tilhögun að eftirvinna taki stundum við að lokinni vinnuviku en stundum ekki var að sjálfsögðu óeðlileg og ekki í samræmi við þennan tilgang.

Sú tilhögun varð fljótt almenn, að dagvinna féll niður á laugardögum og vinnuvikunni lauk kl. 17.00 á föstudögum.

Allar götur síðan hefur það verið áhuga- og baráttumál verkalyðshreyfingarinnar, að verkafólk væri að þessu leyti á sama báti og áður, þannig að eftirvinna

félli niður a. m. k. á föstudögum. Síðast var krafa um þetta efni sett fram við gerð kjarasamninganna árið 1977 af hálfu Verkamannasambandsins.

Nokkur verkalýðsfélög hafa þegar fengið þessa kröfu viðurkennda í kjarasamningum t. d. öll félögin innan Málm- og skipasmíðasambandsins, starfsfólk álvorsins í Straumsvík og starfsmenn í ríkisverksmiðjunum.

Í viðræðum núverandi ríkisstjórnar við fulltrúa A.S.Í. hafa komið fram eindregnar óskir um að eftirvinna verði alveg felld niður í áföngum þannig að föstudagurinn falli út í ár, sem sé raunar þegar orðin hrein jafnréttiskrafa, og síðan einn dagur á ári hverju þar til öll eftirvinna sé aflögð.

Má líta á þetta frumvarp sem fyrsta skrefið að því marki, þótt ekki hafi á þessu stigi verið talin ástæða til að láta frumvarpið ná lengra en til föstudagsins.

Hvað varðar styttingu vinnutíma er ljóst, að breytingin mun koma mismunandi niður í hinum ýmsu starfsgreinum. Sumsstaðar mun hún ekki leiða til raunverulegrar vinnutímastyttingar að marki og annarsstaðar ekki fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Verður þar um að ræða tekjuaukningu hjá launþegum, sem getur við ákveðnar aðstæður svarað til um 1.3% launahækkunar. Á þetta atriði hafa fulltrúar vinnuveitenda lagt áherslu í þeim viðræðum sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa átt við þá um efni frumvarps þessa.

Þó má ætla, að á meirihluta vinnustaða muni breytingin strax hafa áhrif til styttingar á raunverulegum vinnutíma og enn víðar er tímar líða fram.

Breytingin tekur til allra launþega í landinu, sem enn fá greitt sérstakt eftirvinnukaup eftir að umsaminni eða lögboðinni vinnuviku hefur verið skilað, með þeim undantekningum, sem greindar eru í stafliðum a—d í 1. gr. laganna.

Auk þeirrar breytingar, sem felst í 4. mgr. og er meginefni frumvarpsins, er gerð smávægileg orðalagsbreyting á 2. mgr. Hún felur það í sér, að alla jafna skuli að því stefnt, að dagvinnu sé skilað með 8 tíma vinnu á dag frá mánudegi til föstudags. Þykir þetta orðalag samrýmast betur því, sem hér gildir nú almennt í raun, en núverandi orðalag þar sem segir, að jafnaðarlega skuli ekki unnar fleiri en 8 klukkustundir í dagvinnu á degi hverjum.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við þau fyrirheit, sem ríkisstjórnin gaf launþegasamtökunum, samfara þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru í efnahagsmálum 1. desember s. l.